



## Fundargerð

**Svæðisráð suðursvæðis - 56. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn í ráðhúsi  
Hornafirði 3. hæð,  
31. janúar 2018, kl. 11:00.**

### Fundinn sátu:

Björn Ingi Jónsson formaður, Hugrún Harpa Reynisdóttir varaformaður, Sigurlaug Gissurardóttir fulltrúi ferðaþjónustunnar, Guðrún Inga Bjarnadóttir fulltrúi útivistarféлага, Regína Hreinsdóttir þjóðgarðsvörður og Helga Árnadóttir aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.

**Fundargerð ritaði:** Regína Hreinsdóttir, þjóðgarðsvörður.  
Guðrún, Hugrún Harpa og Sigurlaug voru í síma.

### 1. Fjárhagsáætlun 2018 - 1709002

Björn Ingi fór yfir efni fundar stjórnar í gær varðandi fjárhagsáætlun þjóðgarðsins. Útlit er fyrir talsverðan rekstrarhalla í lok árs 2107 sem nauðsynlegt er að bregðast við og gera áætlanir um það. Fjárhagsleg staða framkvæmda er ekki nægilega skýr og óskað hefur verið eftir upplýsingum frá framkvæmdastjóra.

Stjórn hefur ekki fengið viðunandi gögn vegna þessarar vinnu, því var ekki hægt að ljúka við að samþykka fjárhagsáætlun. Stjórn hefur ítrekað óskað eftir þeim gögnum sem þarf til að ljúka þessari vinnu og er fyrirhugaður framhaldsfundur á næstu dögum.

Svæðisráð hvarmar þá alvarlegu stöðu sem komin er upp. Það er óásættanlegt að stjórn og svæðisráð séu í þeirri stöðu að vera í janúar 2018 ekki komin með rekstraráætlun fyrir þjóðgarðinn og einstök svæði. Rekstraráætlun er forsenda undirbúnings starfsemi á rekstrasvæðum þjóðgarðsins. Nauðsynlegt er að geta farið að auglýsa lausar stöður fyrir sumarið og skipuleggja starfið.

Fundi slitið kl. 12:00.